

Vinnufundur Framkvæmdaráðs 13. Ág. 2018, kl. 18:00

Mætt: Ásmundur Alma Guðjónsson, Jón Gunnar Borgþórsson og Valgeir Helgi Bergþórsson.

Gestir: Erla Hlynisdóttir og Hans Benjamínsson

Fundarstjóri: Jón Gunnar; Fundarritari: Erla.

Þarfagreining

Framkvæmdaráð fékk gott tilboð frá HH Ráðgjöf í Hafnarfirði til að taka út starfsmannamál fyrir aðalfund.

Fræðslufundur

Elín Ýr Arnar Hafdísardóttir, Jón Gunnar og fleiri eru að skipuleggja fund um fræðslumál næsta miðvikudag. Allir velkomnir. Planið að halda opinn fræðslufund 29. ágúst.

Aðalfundur

Fallið hefur verið frá hugmyndum um að hafa aðalfund Pírata helgina 15.-16. september þar sem það skarast við hátíðina Miðgarður sem margir Píratar hafa áhuga á. Ákveðið var að láta félagsmenn kjósa á Facebook hvort þeir vilja að aðalfundurinn sé helgina 22.-23. sept. eða 29.-30. sept.

Rætt hefur verið um þann möguleika að hafa fundinn jafnvel aðeins einn dag og svo skemmtun um kvöldið.

Önnur hugmynd er að hafa fundinn úti á landi, Selfoss eða Blönduós nefndir sem mögulegir staðir. Góður landingarstaður fyrir landið allt að hafa fundinn á Blönduósi. Valgeir Helgi ætlar að hafa samband við hóteltjórann á Blönduósi, athuga hvort þar er laust og hver kostnaðurinn yrði.

Erla ætlar að boða til fundar um með þeim sjálfboðaliðum sem gáfu kost á sér til að taka þátt í skipulagningu aðalfundar, ásamt Jóni Gunnari og Valgeiri Helga.

Til er Trelloboard síðan í fyrra með skipulagi fyrir aðalfund sem hægt er að endurnýta.

LÝSA - áður Fundur fólksins

Fer fram í Hofi á Akureyri dagana 7.-8. september. Píratar verða með bás báða dagana og verið er að skipuleggja viðburð á okkar vegum. Starfsfólk óskar eftir því að vita hvort framkvæmdaráð vill senda fulltrúa sinn

Fjármál og bókhald.

Starfsfólk og gjaldkeri halda fund sem fyrst til að fara yfir undirbúning ársreiknings og svo opnun á bókhaldi.

Starfsfólk þarf að fá aðgang að fjárhagsáætlun gjaldkera.

Kosningaskýrsla

Allt kapp verður lagt á að klára kosningaskýrslu sem fyrst. Vinnan er vel á veg komin. Sérlega mikilvægt að félagar geti kynnt sér skýrsluna vel fyrir aðalfund.

Niðurskurður í rekstri.

Velt upp hugmyndum um hvar má skera niður. Starfsfólk og gjaldkeri þurfa að taka fund um þessi mál.

Koma þarf með hugmyndir að fjáröflun.

Ákveðið hefur verið að leigja félagi stjórn málafræðinema við HÍ, Politicu, Tortuga þann 24. september fyrir nýnemakvöld.

Skjölun

Píratar eiga Dropbox sem setja þarf ný skjöl inn í og finna gömul. Starfsfólk gefur framkvæmdaráði aðgang að Dropboxinu.

Starfsfólk tekur saman að hverju Píratar eru með aðgang, hvaða einstaklingar hafa þennan aðgang og hver eru lykilorðin.